

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 2. júní 2025

Mál nr. S-330/2024:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Mikael Garðari Hólmgeirssyni

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 5. maí sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, með ákæru dags. 8. ágúst 2024, á hendur Mikael Garðari Hólmgeirssyni, kt. [...], [...], [...],

„fyrir kynferðisbrot með því að hafa sunnudaginn 3. desember 2023, verið með í vörslum og dreift kynferðislegu myndefni af börnum og myndefni þar sem verið var að misnota börn. Efnið fannst í farsíma ákærða af tegundinni iPhone 8 plus.

Kynferðisefnið sem fannst á símanum var eftirfarandi:

- 18 myndbönd af stúlkum á táningsaldri að stunda sjálfsfróun eða sýna nekt.
- 20 kyrrmyndir sem sýna naktar stúlkur á barnsaldri.
- 10 myndir sem sýna stúlkur á barnsaldri og táningsaldri vera að veita munnmök, handleika getnaðarlimi eða fingri er stungið í leggöng.

Telst þetta varða við 1. mgr. og 2. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 58/2012.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og jafnframt gerð sú krafa að iPhone 8 farsími, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins verði gerðar upptækur til ríkissjóðs, samkvæmt 1. til 3. tl. 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga.“

- Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds og hafnar kröfu um upptöku. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda og ferðakostnaðar.

Málavextir

- Aðfaranótt 3. desember 2023 leitaði ákærði til lögreglu vegna líkamsárásar sem hann hefði orðið fyrir. Í samantekt lögreglu um framburð hans sem var tekinn klukkan 4:26-5:29 þessa nótt í máli því sem hér er til meðferðar segir að réttarstöðu hans hafi verið breytt um miðbik skýrslutöku úr vitni í sakborning vegna upplýsinga sem þar komu fram.

Segir svo: „Málið virðist tengjast árásum gegn honum vegna meintrar vörslu og dreifingar á barnaníðsefnis og viðurkenndi Mikael að hafa slíkt efni á farsíma sínum auk dreifingar“. Ekki kemur fram að honum hafi verið kynnt að hann ætti rétt á verjanda við þessa skýrslutöku þegar hann fékk réttarstöðu sakbornings.

- 4 Að morgni 3. desember undirritaði ákærði heimild til leitar í íbúð hans, geymslu í öðru húsnæði og bifreið í hans umráðum. Ákærði virðist hafa veitt lögreglu heimild til að skoða síma sinn þótt engin gögn liggi fyrir um það, sem og flakkara, leikjatölvu og ljósmyndavél sem honum var skilað 10. janúar 2024. Skýrsla var tekin af ákærða að nýju síðdegis 3. desember 2023, þá að viðstöddum verjanda, og kemur fram í skýrslunni að lögregla hafi skoðað síma ákærða á meðan skýrslutöku stóð. Fyrir liggur myndefni sem þar fannst og vinnsluskrár úr Cellebrite (Preliminary Device Report og Extraction Report).
- 5 Skýrsla var tekin af A 7. febrúar 2024 í síma.

Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi

- 6 Ákærði kvað hafa verið brotist inn til hans og hann hafi verið laminn „í stöppu“. Hann hafi verið spurður hvort hann þekkti nafngreinda manneskju, hann hafi sagt nei og verið laminn, meðal annars með hamri í höfuð. Hann hafi ekki jafnað sig að fullu eftir árásinu og endurupplifi hana við vissar aðstæður. Ákærði kannaðist ekki við að árásin hafi tengst vörslum barnaníðsefnis.
- 7 Ákærði kvaðst ekki geta skýrt myndefnið sem fannst í síma hans en ráma í að einhver hafi einhvern tímann „airdropað“ einhverju til hans í miðbæ Reykjavíkur, það væri þó svo langt síðan að hann myndi þetta illa og myndi ekki hvenær það var. Þá kvaðst hann ekki muna hvernær hann keypti símann. Ákærði kvað sig ráma í að hafa reynt að endursetja símann á „factory settings“ en ekki muna hvort það var fyrir eða eftir að þessar myndir birtust þar. Ákærði kvaðst ekki hafa skýringu á því að myndirnar virðist ekki allar hafa komið inn á sama tíma. Hann kvaðst ekkert hafa skoðað þær. Ákærði kvað lögreglu enn vera með borðtölvu sem hafi verið haldlögð.
- 8 Vitnið A kvað bróður sinn og ákærða hafa verið vinir. Ákærði hafi fengið að búa heima hjá [...] um tíma meðan hann leitaði sér að vinnu. Vitnið hafi á þeim tíma búið hjá föður sínum. Hann kvað ákærða hafi sýnt honum myndir í símanum og verið stoltur af. Síðan hafi annar vinur þeirra hafi komið og sá vitað lykilorðið að síma ákærða. Vitnið hafi farið í síma ákærða og skoðað efnið betur og séð þar myndir af fólki sem hann þekkti. Meðal annars hafi þar verið mynd af vinkonu hans frá [...] sem sé fædd árið [...]. Vitnið kvaðst telja að þetta allt hafi verið myndir af fólki undir 18 ára og hann hafi líka heyrt af því hvernig ákærði léti við stelpur. Vitnið kvaðst minna að það hafi verið um 2000 myndir í „camera roll“. Hann væri ekki viss um það hafi allt verið myndir „af þessum gögnum“ en hann telji svo vera. Vitnið kvaðst ekki hafa þorað til lögreglu með þetta en látið einhverja vita af þessu því þetta hafi ekki verið sanngjarnt. Vitnið kvað ákærða hafa átt tvo síma, iPhone 8 sem lögregla hafi fundið en hann hafi einnig átt iPhone 13. Vitnið kvaðst gruna að það hafi einnig verið einhverjar myndir í þeim síma. Vitnið kvaðst ekki hafa verið á staðnum þegar ráðist var á ákærða en honum hafi verið sagt frá því.

- 9 Vitnið lögreglumaður nr. B kvað ákærða hafa orðið fyrir líkamsárás og sagt að það hafa verið strákar að hefna vegna mynda af stúlku í síma hans. Hann hafi einnig skýrt frá því að hugsanlegu barnaníðsefni hafi verið plantað í símann og afhent símann til skoðunar. Vitnið kvað ákærða hafa átt tvo síma sem hafi verið haldlagðir, annar hafi verið brotinn og ónýtur en hinn verið skoðaður. Tölvumaður hafi tekið símann út, merkt hugsanlega saknæmt efni og vitnið síðan tekið út það sem hún telji vera barnaníðsefni.
- 10 Vitnið D, sérfræðingur við stafrænar rannsóknir hjá lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, kvað Cellebrite forrit notað til að afrita símann en síðan greini annað forrit gögnin úr afritinu. Hann kvað símann síðast hafa verið „straujaðan“ í október 2020. Hann kvað hafa verið myndir í símanum sem hafi komið inn með „airdropp“. Ekki sé hægt að staðfesta hvenær það hafi verið og ekki hvort myndirnar hafi allar komið inn í símann á sama tíma. Einnig sé erfitt að segja með vissu hvað tímastimplar á myndunum þýði, þeir geti sýnt það hvenær myndin birtist í símanum en gamlir tímastimplar geti einnig fylgt myndum. Hann kvað myndunum ekki öllum hafa verið „airdroppað“ í símann, þær hafi átt sér mismunandi uppruna, í einhverjum tilvikum hafi þær verið sóttar á netvafra og einnig hafi verið þar myndir þannig til komnar að ljósmynd sé tekin af skjá annars síma. Myndirnar hafi ekki allar verið í ljósmyndamöppu símans (photos), sumar hafi verið í flýtiminni hans. Myndir geti komið inn í flýtiminni við ýmsar aðstæður, til að mynda við skoðun á vefsíðum eða við flettingar í símanum. Þá kvað vitnið engin merki hafa verið um að myndefni hafi verið dreift úr símanum.

Niðurstaða

- 11 Ákærða er gefið að sök vörslur og dreifingu kynferðislegs myndefnis af börnum og myndefni þar sem verið var að misnota börn og það talið varða við 1. mgr. og 2. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 58/2012.
- 12 Samkvæmt 1. mgr. 210. gr. a skal hver sem framleiðir, flytur inn, aflar sér eða öðrum, dreifir eða hefur í vörslum sínum myndefni sem sýnir kynferðislega misnotkun á barni eða sýnir barn á kynferðislegan hátt sæta sektum eða fangelsi allt að 6 árum. Samkvæmt 2. mgr. 210. gr. a skal hver sem skoðar myndefni á netinu eða með annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni sem sýnir kynferðislega misnotkun á barni eða sýnir barn á kynferðislegan hátt skal sæta sömu refsingu og greinir í 1. mgr.
- 13 Ekki er um það deilt að það myndefni sem lýst er í ákæru hafi verið í síma ákærða, hann upplýsti lögreglu sjálfur um það þegar hann tilkynnti um líkamsárás sem hann varð fyrir. Ákærði kvaðst ekki geta skýrt hvernig myndefnið var þar til komið en kvaðst hvorki hafa sótt þetta sjálfur né skoðað efnið. Hann kvaðst ráma í að einhver hefði einhvern tímann „airdroppað“ einhverju slíku í síma hans.
- 14 Samkvæmt framburði vitnisins D sérfræðings við stafrænar rannsóknir voru myndir í símanum sem komu inn með „airdrop“ en það hafi ekki átt við um þær allar. Hvorki liggur fyrir í málinu hvernig né hvenær hver einstök mynd sem ákæran lýtur að kom í síma ákærða. Þá er fram komið að vitnið A, og jafnvel líka annar vinur hans, fór í síma ákærða eftir að hann ákærði hafði, að sögn vitnisins, stoltur sýnt honum myndir sem þar voru. Vísaði vitnið til þess að hann hafi séð þar myndir af stúlkum sem hann þekki og

nefndi þar [...]. Í upplýsingaskýrslu lögreglu kemur fram að engar af þeim stúlkum sem á myndunum voru hafi þekkt hjá lögreglu og ákærði hafi borið að hann þekkti ekki til þeirra.

- 15 Af gögnum má ráða að lögregla hafi einnig lagt hald á flakkara ákærða, leikjatölvu og myndavél. Ætla má að þar hafi ekkert sagnæmt fundist þar sem þeir munir hafa verið afhentir ákærða. Þá kom fram við aðalmeðferð að lögregla hafi einnig haldlagt borðtölvu og má ráða að þar hafi ekki heldur verið efni af þessu tagi.
- 16 Eins og áður greinir vissi ákærði að umrætt myndefni var í síma hans. Að álit dómsins verður ákærði að bera á því ábyrgð að hafa efnið áfram í sínum vörslum eftir að honum varð kunnugt um það. Verður ákærði því sakfelldur fyrir að hafa haft það myndefni sem er lýst í ákæru í sínum vörslum og varðar það við 1. mgr. 210. gr. a almennra hegningarlaga. Hins vegar kom fram hjá vitninu D að engin ummerki hafi verið um að ákærði hafi dreift slíku efni og verður ákærði sýknaður af þeim sakargiftum.
- 17 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Þá var hann aðeins [...] ára þegar hann framdi brot sitt. Í 1. mgr. 210. gr. a segir að við mat á grófleika verknaðar skuli sérstaklega líta til umfangs brots, hvort það sé framið á kerfisbundinn eða skipulagðan hátt, hvort lífi barns hafi verið stofnað í hættu, hvort barn hafi verið beitt grófu ofbeldi eða hvort barn hafi beðið líkams- eða heilsutjón. Í málinu var ekki um að ræða mikið umfang efnis. Þá er óljóst hvernig efnið komst í síma ákærða og verður hann að njóta vafans sem leikur á því hvað honum gekk til eða hve einbeittur ásetningur hans var, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008. Í ljósi alls framangreinds og einnig þess, að það var ákærði sjálfur sem upplýsti lögreglu um að hann hefði slíkt efni í síma sínum, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Verður refsingin bundin skilorði svo sem nánar greinir í dómsorði.
- 18 Í ljósi úrslita málsins og með vísan til 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga verður fallist á upptökukröfu ákæruvalds.
- 19 Áfallinn sakarkostnaður hjá lögreglu er 120.528 krónur vegna starfa verjanda ákærða á rannsóknarstigi. Þá verður skipuðum verjanda hans ákveðin þóknun sem þykir hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði að teknu tilliti til virðisaukaskatts auk þess sem hann hafði kostnað af ferðum til og frá Akureyri. Með vísan til þess að ákærði er sýknaður af því að hafa dreift myndefni af því tagi sem lýst er í ákæru þykir rétt að hann greiði 2/3 sakarkostnaðar en 1/3 greiðist úr ríkissjóði.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Mikael Garðar Hólmgeirsson, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gerður er upptækur iPhone 8 farsími sem var haldlagður við rannsókn málsins.

Ákærði greiði 567.265 krónu í sakarkostnað, þ.m.t. 2/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, sem í heild nema 669.600 krónum og 2/3 hluta ferðakostnaðar hans, sem í heild nam 60.770 krónum.